

Umhverfisstofnun
Áb. _____
31. júlí 2015
Tilv. _____

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 31. júlí 2015
UST201507-053/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Breytingar á Kjalvegi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða endurbætur á 2,9 km löngum kafla á Kjalvegi milli Hvítár og Árbúða.

Efnisþörf er um 7.000 m³ og verður efni tekið úr námu sem nýtt var við framkvæmdir á Kjalvegi 2014. Gengið verður frá námunni og henni lokað.


Umhverfisstofnun telur jákvætt að ráðist verði í lagfæringu vegarins, þar sem talið er að slíkar aðgerðir dragi úr utanvegaakstri. Umhverfisstofnun vill benda á að á fyrirhugað framkvæmdasvæði er gróðursnautt. Á slíkum svæðum verður allt rask mjög sýnilegt og því ástæða til að standa vel að framkvæmdinni og vanda til alls frágangs. Umhverfisstofnun telur það jákvætt sem fram kemur í greinargerð að við fyrri framkvæmdir á veginum hafi verið litið til hæfni verktaka að ganga vel frá námun og vegsvæðum. Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda sérstaklega á Kjalveg við Sandá þar sem gegnið var að mati stofnunarinnar sérstaklega vel frá.

Umhverfisstofnun telur að í umræddri tilkynningu Vegagerðarinnar hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni og mögulegum áhrifum hennar.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svar þessu erindi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Svava Pétursdóttir
Sérfræðingur